

Námsáætlun - Haust 2025
Franska 6. bekkur AB – 3. mál
(FRAN3MM10)



Kennslugögn:

- **ÉDITO A1, Méthode de français et Cahier d'activités** (lesbók og vinnubók)
 - **Ath. Nýjasta útgáfa! (ISBN 9782278103645 og 9782278103652)**
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, blaðagreinar, ljóð, kvikmyndir o.fl.
- Orðabækur (ókeypis á netinu)
 - **Snara** – frönsk-íslensk orðabók: <https://snara.is/>
 - **Lexía** – íslensk-frönsk veforðabók: <https://lexia.hi.is/>
- Mappa til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum og stílabók eða laus línustrikuð blöð.

Haustmisseri :

- Teknir verða valdir kaflar úr kennslubókinni Édito. Auk þess lesa nemendur eina léttlestrarbók og vinna tímaverkefni eftir lestur.
- Unnið verður áfram með færniþættina fjóra: munnlega-og skriflega tjáningu og skilning á rituðu og töluðu máli.
- Til að æfa hlustun og skilning á töluðu máli verður unnið með efni af Internetinu, horft á kvikmyndir og hlustað á tónlist.

Vormisseri

- Unnið verður út frá þemum, þar sem fjallað verður um samfélag og menningu frönskumælandi landa, listir og bókmenntir.
- Sjálfstæði nemenda verður aukið í notkun tungumálsins, í öflun upplýsinga og notkun hinna ólíku miðla.
- Orðaforði verður aukinn og þekking sem nýst gæti nemendum í frönskumælandi löndum sem og í framhaldsnámi á Íslandi og erlendis.
- Nemendur undirbúnir og æfðir í að taka DELF próf (A2-B1)
- Aukið verður við þekkingu á frönskumælandi bókmenntum með lestri smásagna og ljóða. Farið verður dýpra í texta og efni en áður.
- Unnið verður með rauntexa t.d. blaða- og tímaritsgreinar um efni sem tengist líðandi stundu og áhugasviði nemenda.
- Talmál og skilningur á töluðu máli verða æfð með para- og hópaverkefnum þar sem nemendur munu æfa og flytja stuttar kynningar, samtöl, stutta leikþætti, æfa rökræður og spjalla um ýmis málefni.
- Haldið verður áfram að þjálfra ritfærni og munu nemendur skrifa umfjöllun um bók, kvikmynd og annað.
- Farið verður í málfræði eftir þörfum og valin atriði þjálfuð betur

Vika	Yfirferð	Heimavinna, verkefni og próf
1. 20.-22. 08	Kynning á námsefni og námsáætlun. Upprifjun	
2. 25.- 29. 08.	Unité 6 Upprifjun á persónulýsingum Útlitslýsingar (lýsingarorð) Upprifjun á passé composé	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices)
3. 01.- 05. 09.	Unité 7 Orðaforði: húsnæði, húsgögn og skrautmunir Imparfait	Lokaverkefni úr unité 6 <i>Lesa La Cité Perdue</i>
4. 08.-12. 09.	Unité 7 Orðaforði: húsnæði, húsgögn og skrautmunir Imparfait	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices) <i>Lesa La Cité Perdue</i>
5. 15.-19. 09.	Unité 7 Staðarforsetningar (upprifjun) Boð og bönn (orðaforði) – húsreglur	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices) <i>Lesa La Cité Perdue</i>
6. 22.-26. 09. 26./09. Evrópski tungum. dagurinn	Unité 7 Húsnæðisviðhald og lagfæringar Andlagsfornöfn (complément d'objet direct)	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices) Lokaverkefni úr unité 7 og hlutapróf
7. 29.09.- 03.10.	Unité 8 Heilsa og læknisheimsókn (orðaforði)	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices)
8. 06.-10. 10.	Unité 8 Fornafnið y Líkaminn (orðaforði)	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices)
9. 13.-17. 10	Unité 8 Heilsa og vellíðan Boð og bönn	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices) Hlutapróf
10. 20.-23. 10 Hausthlé: 24.10.	Kvikmynd eða sjónvarpsþættir	Verkefni tengt kvikmynd/sjónvarpsþáttum
11. 29.- 31. 10. Starfsdagur kennara 27. og 28. 10	Unité 9 Ferðalög og frí (orðaforði) Samanburður (samtengingar)	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices)
12. 03.-07. 11.	Unité 9 Ferðalög og frí (orðaforði) Forsetningar með löndum	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices)
13. 10.-14. 11.	Unité 9 Ferðalög og frí (orðaforði) Ópersónulegar sagnir í imparfait	Lokaverkefni og hlutapróf
14. 17.-21. 11.	Unité 9 Náttúran Undirbúningur fyrir munnleg próf	Unnið heima í vinnubók (Cahier d'exercices)
15. 24.-28. 11.	Upprifjun Munnleg próf	

Námsmat

Í lok haustmisseris er jólapróf. Samsetning prófsins eftirfarandi:

- Skriflegt próf: 80%.
- Munnlegt próf: 20% (haldið í síðustu viku haustmisseris)

Áfanganum lýkur með stúdentsprófi. Stúdentsprófið skiptist í:

- Skriflegt próf: 70%
- Munnlegt próf: 30%

Námseinkunn er reiknuð í lok skólaárs

Á skólaárinu eru lögð fyrir nokkur kaflapróf og nokkur lokaverkefni úr köflum kennslubókarinnar. **Gilda þau samanlagt 60% af námseinkunn.** Nemendum er skylt að mæta í öll próf og skila öllum lokaverkefnum. Til að reikna út námseinkunnina í lok skólaárs verður lægsta einkunn felld niður, en fái nemandi einkunnina **0** mun hún standa. Einkunnina **0** fær nemandi sem mætir ekki í kaflapróf eða í sjúkrapróf og skilar ekki lokaverkefni.

Til námseinkunnar teljast:

- 60%: hlutapróf og lokaverkefni úr köflum (skrifleg eða myndbönd)
- 20%: jólaprófseinkunn
- 20%: ástundun og virkni (verkefnavinna í tímum, skil á smærri verkefnum, þátttaka í talæfingum og hegðun* í tíma)

***sjá skólareglur (gr. 2, bls. 20) í Skólahandbókinni á heimasíðu skólans**

Athugið!

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptök eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma lækkar einkunnin um 0,5 fyrir hvern dag.

Námsáætlun þessi og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar.